

18. ágúst 2023

VIÐAUKI VIÐ UMBOÐSSAMNING

milli

Kröfuhafa,
í flokki UR 151124,
í flokki UR 230901, og
í flokki UR 231201

Útgerðarfélag Reykjavíkur hf.

og

LOCAL lögmenn slf.

15.000.000.000 KR. ÚTGÁFURAMMI ÚTGERÐARFÉLAGS REYKJAVÍKUR HF.
ÓVEÐTRYGGÐ ÚTGÁFA SKULDASKJALA

1. AÐILAR

Viðauki þessi er gerður þann 18. ágúst 2023 („samningurinn“) og er á milli:

- A. Þeir aðilar sem eru skráðir eigendur flokks verðbréfa skv. grein 2., sem gefin eru út á grundvelli útgáfurammans, í samræmi við lög nr. 7/2020, um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignaskráningu fjármálagerna („kröfuhafar“);
- B. Útgerðarfélag Reykjavíkur hf., kt. 410998-2629, Fiskislóð 14, 101 Reykjavík („útgefandi“); og
- C. LOCAL lögmenn slf., kt. 490217-0610, Kringlunni 7, 103 Reykjavík, („umboðsmaður kröfuhafa“).

2. BREYTINGAR OG VIÐBÆTUR

- 2.1. Viðauki þessi er gerður við samning, dags. 11. nóvember 2021, sem var gerður í tengslum við óveðtryggð skuldaskjöl í flokki UR 151124, sem gefin voru út á grundvelli útgáfuramma upphaflega að fjárhæð allt að kr. 10.000.000.000 (10 milljarðar), („samningurinn“).
- 2.2. Útgefandi hefur ákveðið að gefa út nýja grunnlýsingu, þar sem útgáfurammi hefur verið stækkaður í allt að kr. 15.000.000.000 (15 milljarðar).
- 2.3. Útgefandi hefur ákveðið að stækka útgáfu í flokki UR 151124, um kr. 900.000.000.
- 2.4. Útgefandi hefur ákveðið að gefa út skuldaskjöl í óveðtryggðum flokki skuldaskjala í flokki UR 230901, að fjárhæð kr. 1.840.000.000, og UR 231201, að fjárhæð kr. 1.160.000.000.
- 2.5. Í grunnlýsingunni er kveðið á um að skipa skuli óháðan umboðsmann kröfuhafa, fyrir hvern útgefinn flokk skuldaskjala sem hefur það meginhlutverk að gæta hagsmuna þeirra eigenda skuldaskjala sem gefin verða út undir viðkomandi flokki, og koma fram fyrir hönd þeirra.
- 2.6. Með viðauka þessum er stækkun útgáfuramma, ný grunnlýsing og nýir flokkar og ný útgáfa skuldaskjala, sem framan greinir, fellt undir samninginn og undirgengst umboðsmaður þær skyldur sem í samningnum felast og hvað varðar þær breytingar sem viðauki þessi tekur til.
- 2.7. Kröfuhafar veita hér með umboðsmanni kröfuhafa fullt umboð til að sinna þeim skyldum sem á honum hvíla samkvæmt samningnum og viðauka þessu, og njóta þeirra réttinda sem af því leiðir.

3. SKILGREININGAR

- 3.1. Í þessum samningi skulu eftirfarandi hugtök hafa eftirfarandi merkingu:
„Útgáfuramminn“ merkir útgáfurammi útgefanda á skuldaskjöllum sem lýst er í grunnlýsingunni. Hámarks nafnverð allra útgefinna skuldaskjala sem gefin verða út innan útgáfurammans skal ekki vera umfram 15.000.000.000 kr. (eða jafngildi þeirrar fjárhæðar í öðrum myntum) nema tilkynnt verði um breytingu á stærð útgáfurammans.

4. LÖG OG VARNARÞING

- 4.1. Um samning þennan gilda íslensk lög.
- 4.2. Rísi mál út af samningi þessum, skulu aðilar leitast við að leysa ágreining með samkomulagi sín á milli, en náist ekki að leysa úr ágreiningi með samkomulagi skalreka málið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

5. ANNAÐ

- 5.1. Að öðru leyti en sérstaklega er mælt fyrir um í viðauka þessum skulu ákvæði samningsins gilda óbreytt. Viðauki þessi skal ekki á neinn hátt vera túlkaður sem breyting á öðrum ákvæðum samnings aðila, að hluta eða í heild.

- 5.2. Allar tilkynningar sem aðilar senda sín á milli og ætlað er að hafa réttaráhrif samkvæmt viðauka þessum skulu vera skriflegar og með sannanlegum hætti.
- 5.3. Öllu framangreindu til staðfestingar undirrita aðilar samning þennan með rafrænum hætti í samræmi við lög nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti. Kjósi aðilar að undirrita viðauka þennan á pappír skal það gert í votta viðurvist.

Reykjavík, 18. ágúst 2023

F.h. Útgerðarfélags Reykjavíkur hf.

F.h. LOCAL lögmanna slf., sem umboðsmanns
kröfuhafa

Sá sem undirritar samning þennan fyrir hönd útgefanda ábyrgist og staðfestir að hann hafi heimild í samræmi við lög og reglur og samþykktir félagsins til að skuldbinda útgefanda.

Sá sem undirritar samning þennan fyrir hönd umboðsmanns kröfuhafa ábyrgist og staðfestir að hann hafi heimild í samræmi við lög og reglur og samþykktir félagsins til að skuldbinda umboðsmann kröfuhafa.

- Skjalið er undirritað rafrænt, sjá efst á fyrstu blaðsíðu -